

KJARASAMNINGUR
milli
RSÍ Rafiðnaðarsambands Íslands
og
Samtaka atvinnulífsins vegna Norðurorku hf.

1. gr.

Kjarasamningur þessi gildir frá og með 1. júlí 2019 til 1. nóvember 2022 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Hann felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning RSÍ og Norðurorku hf.

2. gr.

Launabreytingar

Kauptaxtar kjarasamningsins hækka á samningstímabilinu sem hér segir:

- 1. júlí 2019: 17.000 kr.
- 1. apríl 2020: 24.000 kr.
- 1. janúar 2021: 24.000 kr.
- 1. janúar 2022: 25.000 kr.

3. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

- Á árinu 2019 128.000 kr.
- Á árinu 2020 130.000 kr.
- Á árinu 2021 132.000 kr.
- Á árinu 2022 134.000 kr.

Orlofsuppbót hvert orlofsár á samningstímanum (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Orlofsuppbót kr. 73.500. kr.

4. gr.

Stytting og skipulag vinnutíma

Í upphafi árs 2020 mun Norðurorka hefja viðræður við starfsmenn um skipulag vinnutíma, neysluhléa og styttingu vinnutíma. Um form viðræðna, markmið, styttingu vinnutíma í 36 klst. virkar á viku og samþykkt samnings fer skv. 5. kafla aðalkjarasamnings RSÍ og SA.

Í viðræðum verða m.a. gerðar tillögur um fyrirkomulag hléa með það að markmiði að ná fram gagnkvæmum ávinningi og bæta nýtingu vinnutíma þar sem því verður við komið.

Náist ekki samkomulag um breytingar á skipulagi vinnutíma mun virkur vinnutími starfsmanna styttest 1. janúar 2021 í 36 klst. og 15 mín. Virkur vinnutími á dag verður 7 klst. og 15 mín. nema samkomulag verði um annað.

Hsk 
 

5. gr.

Breytingar á einstökum ákvæðum kjarasamnings

Gr. 2.3.1. um yfirvinnu orðist svo:

Yfirvinna greiðist með tímakaupi. Tímakaup er 1,05% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanns.

Við ákvæði um veikindi barna bætist nýr málslíður:

Sama á við um börn undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar a.m.k. einn dag.

Grein 4.2.2. um lágmarksupphæð orlofslauna fellur brott (óvirkt ákvæði).

6. gr.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. maí 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. maí sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

7. gr.

Uppfærsla kjarasamnings

Samningsaðilar skuldbinda sig til að uppfæra texta kjarasamnings RSÍ og SA, vegna Norðurorku hf. fyrir 1.6 2020.

Akureyri, 12. júlí 2019

F.h. RSÍ Rafiðnaðarsambands Íslands

Þórunn Þómasdóttir

Halldór Gauti Káraðsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins
vegna Norðurorku hf.

Elga Þórunn Guðmundsdóttir
Ólga Þórunn Guðmundsdóttir

Bókun um eingreiðslu

Þann 1. ágúst 2019 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 150.000, starfsmönnum sem voru í starfi 1. júlí 2019. Greiðslan innifelur orlofslaun og er hlutfallsleg m.v. starfshlutfall á tímabilinu frá 1. janúar til 30. júní 2019.

Bókun vegna uppbóta

Norðurorka hf. stefnir að því að orlofs- og desemberuppbót verði sú sama í öllum þeim kjarasamningum sem fyrirtækið á aðild að. Nú er orlofsuppbót skv. kjarasamningi við RSÍ nokkuð hærri en í öðrum kjarasamningum og er samkomulag um að hún verði kr. 73.500 á samningstímanum. Norðurorka hf. mun bjóða félagsmönnum RSÍ að fella hluta þessarar uppbótar inn í grunnlaun þannig að eftir standi sama uppbót og aðrir starfsmenn fyrirtækisins njóta. Sama mun gilda um þá sem kunna að vera ráðnir á samningstímanum. Gangi það eftir verður orlofsuppbótin skv. kjarasamningi þessum samræmd við næstu endurnýjun hans.

Ulf. HGK
Ulf. HGK